

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
• Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, vellíðan og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu.	Jákvæður liður í matinu en mikilvægt að halda þessu áfram. Horft verður til virkra starfsmannasamtala og öflugrar starfsþróunar sem og sveigjanleika í starfi og starfsumhverfi.	Nú þegar í gangi.	Aldrei	Stjórnendur og skólasamfélagið.	Endurmetið á hverju ári.
• Uppfæra þarf skipurit svo það endurspeglir gildandi fyrirkomulag skólustarfs.	Stjórnendur uppfæra skipurit með nýrri skólanámskrá og nýrri starfsáætlun	Vor 2019	Haust 2019	Skólastjóri	Haust 2019. Lokafrágangur og endurmat með skólasamfélaginu.
• Í starfsáætlun skólans þarf að skrá hvernig sérkennslu skólans er háttað.	Áætlun um sérkennslu og sértæka íhlutun er í vinnslu og verður birt formlega á haustmánuðum	Þegar hafið	Júní 2019	Skólastjóri	September 2019 með kennurum og skólaþjónustu
• Upplýsa foreldra um skólaþjónustu sem skólinn á kost á.	Unnið samfara áætlun um sérkennslu og sértæka íhlutun. Sérstök áhersla lögð á að kynna þetta á heimasíðu og foreldrafundum	Vor 2019	Haust 2019 – á heimasíðu og foreldrafundum	Skólastjóri	Vor 2020
• Gera einkunnarorð skólans sýnilegri á heimasíðu.	Einkunnarorðum gerð skil á heimasíðu. Lógó skólans uppfært með einkunnarorðum til framtíðarnotkunar??	Vor 2019	Vor 2019	Stjórnendur	Ágúst 2019
• Gera þarf grein fyrir markmiðum og tengslum	Endurskoðað með nýrri símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2019-	Vor 2019	Haustið 2019	Stjórnendur	Haust 2019. Lokafrágangur og

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

<p>símenntunar við áherslur skólans og hverjar áherslur eru í endurmenntun kennara og annarra starfsmanna aðrar en með námsferðum.</p>	<p>2020 og í tengslum við nýja skólanámskrá og nýja starfsáætlun til 2022.</p>				<p>endurmat með skólasamfélaginu.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Nýta niðurstöður samræmda prófa og annarra mælitækja markvissar. 	<p>Endurmetið í sjálfsmatsáætlun og með virkari sjálfsmatsteymi. Matsteymi fer yfir niðurstöðurnar með kerfisbundnum hætti og leggur svo fyrir kennara og kennarafund til frekari skoðunar.</p>	<p>Vor og haust 2019</p>	<p>Haustið 2019</p>	<p>Stjórnendur og sjálfsmatsteymi.</p>	
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá hvernig upplýsingagjöf frá Reykholti, bæði til foreldra og kennara, er háttað og hver ber ábyrgð á henni. 	<p>Þetta verkefni er í vinnslu í samstarfi við sveitarstjórn. Ekki er ljóst hvernig samstarfinu verður háttað. Verði það eins þarf frekari leiðbeiningar frá sveitarstjórn.</p>	<p>Sumar 2019</p>	<p>Haust 2019</p>	<p>Skólastjórnendur og sveitarstjóri</p>	<p>Þarf að vera að fullu lokið fyrir skólabyrjun</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá betur verkefni sem skólinn er að vinna að, svo sem Grænfánaverkefnið, og nefndir sem tengjast þeim. 	<p>Kosið verður í nýja grænfánanefnd í haust. Nú þegar er búið að festa verkefnastjóra í þetta verkefni á næsta skólaári. Betur verður gerð grein fyrir þessum verkefnum í skólanámskrá og skólafundum.</p>	<p>Haust 2019</p>	<p>Haust 2019</p>	<p>Stjórnendur og verkefnastjóri Grænfánaverkefnis/u mhverfismála</p>	<p>Eftir skólaárið. Þá þarf jafnframt að sækja um endurnýjun á Grænfánanum og fæst þá einnig endurmat frá Landvernd.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið. 	<p>Þetta verður sett betur inn í gögn skólans. Mótuð verður stefna í skólanámskrá um samstarfsverkefni og sett niður markmið til að fylgja henni eftir.</p>	<p>Vor 2019 og haust 2019</p>	<p>Haust 2019</p>	<p>Stjórnendur og skólasamfélagið.</p>	<p>Kemur inn í skólanámskrá og er til endurskoðunar</p>

						eftir því sem þurfa þykir.
<ul style="list-style-type: none"> • Halda einn opinn skólaráðsfund á ári. 	Fundur skólaráðs að vori 2019 verður opin. Opnir fundir verða settir inn í fundaráætlun skólaráðs.	Vor 2019	Haust 2019	Skólaráð		
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá og kynna fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er. 	Markmið og stefna um aðkomu nemenda verður skýrari í nýrri skólanámskrá. Nýr liður um störf nemendaráðs, hlutverk og skyldur tekur gildi með nýju ráði haustið 2019.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur	Endurmetið eftir hvert skólaár.	
<ul style="list-style-type: none"> • Hafa fulltrúa foreldra og nemenda með við endurskoðun skólareglna. 	Skólareglur verða unnar í samstarfi skólasamfélagsins. Sú vinna er þegar hafin með því að móta einkunnarorð í samvinnu við foreldra, nemenda og starfsmanna. Skólareglur verða síðan unnar áfram í samstarfi þessa aðila og mun ljúka í nóvember 2019.	Vor 2019	Nóvember 2019	Stjórnendur.	Endurmetið eftir hvert skólaár.	

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
<ul style="list-style-type: none"> Að mati kennara og foreldra eru smiðjuhelgar vel til þess fallnar að efla félagsleg samskipti og list- og verkgreinanám nemenda á unglingastigi. 	Haldið verður áfram að þróa smiðjuhelgar í samstarfi við samstarfsskóla og skólasamfélagið. Sérstaklega verður áfram horft til þeirra markmiða sem að sett voru í upphafi.	Nú þegar í gangi	Þróun heldur áfram meðan verkefnið er í gangi.	Stjórnendur og umsjónarmaður	Eftir hverja smiðju
<ul style="list-style-type: none"> Nemendur segja ekkert einelti vera í skólanum. 	Haldið verður áfram að stuðla að jákvæðum skólabrag til að viðhalda góðum árangri. Unnið áfram með ART vottun hjá sem flestum kennurum.	Nú þegar í gangi	Aldrei	Stjórnendur og skólasamfélagið allt.	Á hverju ári og ef að þurfa þykir.
<ul style="list-style-type: none"> Nemendum líður vel í skólanum. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og samvinna og stuðningur er innan nemendahópsins. 	ART hefur hjálpað mikið í þessu verkefnið. Haldið verður áfram að senda kennara á námskeið og nýta fjölskyldu-ART eftir þörfum. Skólabragur skiptir miklu máli.	Nú þegar í gangi	Aldrei	Kennarar og stjórnendur	Í lok skólaársins. Stuðst við ART teymið á Selfossi í því endurmati.
<ul style="list-style-type: none"> Teymiskennsla nýtist vel við samkenndu árganga og sem stuðningur í bekkjaraðstæðum. 	Teymiskennsla er í þróun í skólanum en hefur verið að gefa mjög góða raun. Haldið verður áfram á þeirri braut. Bæði með virkum umræðum og námskeiðum eftir því sem að þau bjóðast.	Nú þegar í gangi	Aldrei	Stjórnendur og kennarar	Endurmetið í lok skólaársins og eftir þörfum.
<ul style="list-style-type: none"> Tryggja þarf nemendum tilskilinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum. 	Nýtt húsnæði fyrir smiðakennslu verður tekið í notkun haustið 2019 og mun þá vera hægt að sinna þeirri kennslu aftur. Stundatöflur verða endurskoðaðar með þetta fyrir augum fyrir haustið 2019. Varðandi unglingastig þá er enn beðið	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur	Endurmetið í haust með nýjum töflum og eftir skólaárið með tillit til hvernig til tóks.

	eftir því að fá niðurstöður í tillögur á breyttu fyrir komulagi samkennslu Laugarvatns og Reykholts. Sú niðurstaða hefur nokkur áhrif á þetta.				
<ul style="list-style-type: none"> • Gefa nemendum kost á vali í námi í um fimmtungi námstímans. 	Skipulag á samkennslu milli Laugarvatns og Reykholts hefur þarna mikil áhrif. Með breyttu skipulagi verður auðveldara að taka á þessum málum.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur	Eftir skólaárið
<ul style="list-style-type: none"> • Skipuleggja og skrá hvernig vinna á með lykilhæfni nemenda. 	Nýjir námsvísar og nýjar bekkjarnámskrár munu taka sérstaklega á lykilhæfni og mati á henni. Þá er horft til uppbrotsdaga og þeirra verkefna sem að þar liggja undir sem mikilvægra þátta.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur og kennarar	Eftir skólaárið
<ul style="list-style-type: none"> • Setja betur fram í bekkjarnámskrám hvernig á að vinna með sérstakar áherslur skólans. 	Nýir samræmdir námsvísara og nýjar bekkjarnámskrár muni innifela þessar sérstöku áherslur.	Vor 2019	Haust 2019	Kennarar	Eftir skólaárið
<ul style="list-style-type: none"> • Nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa markvissar við skipulag náms og kennslu. 	Með virkum sjálfsmatsteymi verður farið nákvæmlega yfir þessar niðurstöður. Þær hafa hingað til verið nýttar af kennurum sem vísbendingar fyrir einstaka nemendur og því verður haldið áfram. Sjálfsmatsteymið mun halda utan um heildstæða túlkun á niðurstöðum og greina þær betur fyrir skólann í heild.	Sept 2019	Maí 2020	Sjálfsmatsteymi	Eftir skólaárið og eftir hvert próf.
<ul style="list-style-type: none"> • Huga hvað valdi falli í ánægju í lestri frá 6. bekk. 	Gera þarf könnun á þessu meðal nemenda og halda áfram þeirri vinnu sem að hefur verið í gangi í lestrarþjálfun. Efla þarf skólabókasafnið	Haust 2019	Haust 2019	Sjálfsmatsteymi, kennarar og stjórnendur.	Eftir skólaárið.

	en stefnt er að því að byggja það upp í samstarfi við Bókasafn ML.				
<ul style="list-style-type: none"> Rýna í niðurstöður Skólapúls með það að markmið að efla það sem þarf að efla og viðhalda því sem vel er gert. 	Sjálfsmatsteymið mun skoða skólapúlsinn sérstaklega (sem og önnur gögn) líkt og gert hefur verið.	Vor 2019	Haust 2019 og eftir því sem að kannanir berast.	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur.	Eftir skólaárið.
<ul style="list-style-type: none"> Samræma að einhverju marki hvernig markmið og áætlanir nemenda eru sett fram og hafa stíganda milli stiga hvernig þátttaka nemenda er. 	Verður unnið í gegnum samræmdar bekkjarnámskrár og samræmda námsvísa. Þannig er hægt að draga saman upplýsingar á einn stað til að skoða stíganda.	Vor 2019 með drögum að nýjum vísium.	Haust 2019 með notkun nýrra vísa.	Stjórnendur, teymi og einstaka kennarar.	Endurskoðað að loknu skólaári.
<ul style="list-style-type: none"> Ræða markmið náms og kennslu við nemendur og tengja hæfnimarkmiðum námskrár. 	Unnið í tengslum við aukna áherslu á nemendalýðræði og sjálfsákvörðunarrétt nemenda í eigin námi. Unnið samhliða nýjum bekkjarnámskrám.	Vor 2019	Haust 2019 og allt árið eftir því sem við á.	Kennarar og teymi.	Eftir skólaárið.
<ul style="list-style-type: none"> Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísium. 	Með nýjum samræmdum námsvísium verður þessu gerð betri skil.	Vor 2019	Haust 2019	Kennarar og teymi	Eftir skólaárið.
<ul style="list-style-type: none"> Hafa í huga að gera námsaðstæður nemenda enn frekar þannig að reyni á samstarf og samræður um námið. 	Nýir námsvísar taka meðal annars á þessum þegar kemur að skipulagi námsins. Aukið við endurmenntun kennara í þessa átt.	Vor 2019	Haust 2019	Kennarar og teymi ásamt stjórnendum.	Eftir skólaárið.
<ul style="list-style-type: none"> Gera þátttöku nemenda í skipulagi og framkvæmd náms betur sýnilega. 	Aukin áhersla á nemendalýðræði og sjálfsákvörðunarrétt nemenda mun hafa áhrif í þessa átt. Lögð verður aukin áhersla á þetta í skólanámskrá.	Vor 2019	Haust 2019	Kennarar og teymi ásamt nemendum sjálfum.	Eftir skólaárið og miðsvetrar.

<ul style="list-style-type: none"> • Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir sem tengjast nemendum berist þeim skipulega. 	Lögð verður sérstök áhersla á þetta í gegnum auknar áherslur á nemendalýðræði og með aukinn áherslu á virkni nemenda í eigin námi og ákvarðanatöku um það.	Haust 2019	Haust 2019	Kennara, teymi og nemendafulltrúar ýmissa nefnda	Eftir skólaárið og miðsvetrar.
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá viðmið um árangur og hvernig bregðast eigi við niðurstöðum kannana og skimana. 	Sjálfsmatsteymi í samstarfi við skólasamfélagið kemur með tillögur að þessum viðmiðum.	Haust 2019	Haust 2019	Sjálfsmatsteymi.	Strax að loknu verkefninu og í lok skólaársins.
<ul style="list-style-type: none"> • 					
<ul style="list-style-type: none"> • 					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður viðtala og kannanna áfram nýttar í innramat. Unnið í samræmi við sjálfsmatsáætlun. Endurmat er skráð og aðgengilegt á heimasíðu. 	Haldið áfram á þeirri braut sem að skólinn er á. Sjálfsmatsáætlun nýtt til að stýra verkinu en fjölgað í teyminu til að tryggja góða yfirsýn og fjölbreytt sjónarmið.	Þegar í hafið	Aldrei	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur.	Endurmetið á hverju ári í samræmi við sjálfsmatsáætlun.
<ul style="list-style-type: none"> Uppfæra og laga sjálfsmatsáætlun að skólanum. 	Sjálfsmatsáætlun er nýtt plagg sem að þarf að aðlaga betur að skólanum. Það verður gert um leið og unnið er eftir henni í fyrsta skiptið með nýju sjálfsmatsteymi.	Vor 2019	Vor 2020	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur	Endurmetið á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> Setja markmið um teymiskennslu og útikennslu og meta hvernig til tekst. 	Ný skólanámskrár er í vinnslu. Í henni er gert ráð fyrir því að þar séu nákvæmari markmið og markvissara tímasett endurmat fyrir þá þætti sem að tilteknir eru sem sérstakir áherslupættir í stefnu skólans. Þar á meðal teymiskennslu og útikennslu.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur í samstafi við aðila skólasamfélagsins.	Skólanámskrá er endurmetin á hverju ári. Sérstaklega með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru fram.
<ul style="list-style-type: none"> Skrá hver eru markmið með samstarfinu við Reykholt um nám nemenda á unglingastigi og meta hvernig til tekst. 	Þetta mál er í vinnslu og óljóst með framhald þess. Verði því áfram haldið í núverandi mynd verða sett skýr markmið.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur og sveitarstjórn.	Í lok skólaársins. Vor 2020.
<ul style="list-style-type: none"> Setja árlega fram greinargerð um innra mat. 	Sjálfsmatsteymi sér um að rita árlega greinargerð og birta hana.	Vor 2019	Aldrei	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur.	Lok hvers skólaárs.

<ul style="list-style-type: none"> Fjölga þarf í matsteyminu, þar sem gætt er að því að fulltrúar stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitji. 	Fjölgað verður í teyminu á vormánuðum 2019 og aftur haustið 2019 á nýju skólaári.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur.	Endurmetið við lok hvers skólaárs með tilliti til þess hverjir sitja í teyminu. Sérstaklega getur verið að skipta þurfi út fulltrúum foreldra.
<ul style="list-style-type: none"> Samræma áherslupætti milli sjálfsmatsáætlunar og umbótaáætlunar. 	Næstu umbótaáætlanir taka mið af nýrri sjálfsmatsáætlun og áherslupáttum þar.	Vor 2019	Haust 2019	Sjálfsmatsteymi og stjórnendur.	Á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> Nýta niðurstöður skimana og mats, s.s. samræmdra könnunarprófa og lesferils, í matinu. 	Niðurstöður eru nú þegar nýttar í því umbótastarfi sem að fram fer í skólanum. Reynt verður er gera það sýnilegra í greinargerð.	Vor 2019	Haust 2019	Stjórnendur.	Á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> Kynna nemendum niðurstöður kannana og annars mats sem þeir taka þátt í. 	Lögð verður sérstök áhersla á að efla nemendur og nemendalýðræði á næsta skólaári. Hluti af því verkefni er að kynna niðurstöður markvisst fyrir þeim.	Haust 2019	Vor 2020	Stjórnendur og nemendaráð.	Á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> Tímasetja verkþætti í umbótaáætlun og hvenær á að meta umbætur. 	Lögð verður áhersla á þessa þætti í næstu umbótaáætlun.	Vor 2019	Vor 2020	Stjórnendur og sjálfsmatsteymi.	Á hverju ári.
<ul style="list-style-type: none"> 					
<ul style="list-style-type: none"> 					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – ef við á					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					